

Umhverfisráðsfundur 05.04.2018

Umhverfisráð: Anna Borg, leikskólastjóri, Anna Guðjónsdóttir, matreiðslumaður, Agnes Finnsdóttir, leiðbeinandi (Klettaborg), Elwira Niewulis, uppeldisfræðingur (Tröllagil), Hlín Pálsdóttir, leikskólakennari (Álfasteinn), Lína Ellertsdóttir, leikskólakennari (Brikiból) og Sigríður Sigurðardóttir, leiðbeinandi (Lundur).



Fjarverandi:

Fundur hefst kl 8:30

Fundagerð

Dagskrá fundar:

- 1) Fundagerð síðasta fundar lesin.
- 2) Hvatning til hreinsunar af hálfu Hafnarfjarðar. Norðurbærinn þann 10. apríl, hreinsum rusl úr lóð og kringum leikskólann. Flokkum plast, pappír og annað.
Leggja niður störf á deild og fara út og tína rusl innan og utan lóðar (ekki sópa og snyrta).
- 3) Umhverfisvika 23.-27. apríl. Dagur umhverfisins 25. apríl og Grænn dagur 27. apríl. Set fram dagskrá þegar nær dregur. Sama og í fyrra. Hér má snyrta og sópa....
- 4) Moltutunnur:
 - Moltutunna 1: Tilbúin til tæmingar/skoða í júní
 - Moltutunna 2: Blaut/setja í lauf og hræra í hverri viku
 - Moltutunna 3: Blaut og nýhætt í notkun (er opin)
 - Moltutunna 4: Blaut/setja í lauf og hræra í hverri viku
 - Moltutunna 5: Í notkun
 - Moltutunna 6: Tilbúin til tæmingar/skoða í júní
 - Moltutunna 7: Tóm
 - Moltutunna Lundur: Blaut**Moltukassar inni:**

Ekki fylla moltutunnur upp fyrir flöskuhálsinn.
Nýta góða veðrið og raka laufi í netpoka. Fara jafnvel beint með lauf í tunnurnar.
Hræra í öllum tunnum 1 x í viku.
Næsta tæming í júní, tæma eina í einu.
- 5) Fara yfir tunnur fyrir hvern fund. Hverjir gera það næst? Agnes og Lína.
- 6) Hvernig gengur með vinnuna gegn matarsóun? Eitthvað sem vantar á?
Tröllagil og Álfasteinn taka eina viku í apríl þar sem matarafgangar eru vigtaðir. Það gengur illa að innheimta kannanir frá foreldrum. Byrja á næstu könnun. Halda áfram að gefa fuglum þar til hættir að frjósa og jafnvel lengur.
- 7) Starfsmenn taki eina til tvær kannanir, Anna Borg deilir út könnunum.
- 8) Plast söfnun/losun.
Losa minna í einu og oftár. Anna Borg ætlar stefnir á að hreinsa endurvinnslukompuna í næstu viku.
- 9) Önnur mál
Heilbrigðiseftirlitið kom. Passa allar skráningar. Fóru ekki út í Lund.

Næsti fundur verður 3. maí kl: 8:30, muna að taka dagbókina með!!

Fundi lokið: 9

Ritari fundarins: Hlín Pálsdóttir